

Hið mikla frelsstrið; frelsun kvenna, kynlífs, kyns og mannkyns: 3

Víkjum þá aftur að draumi kvenfrelsaranna og Alheimsefnahagsráðsins um tölvumennið. Þróun þessarar tækni er komin vel á veg. Beint inngríp í hugann og eftirlit er t.d. framkvæmt með stafrænni tækni, rafsegulbylgju-, örgjörva- og tölvuagnatækni (nanotechnology). Sú síðastnefnda var m.a. notuð við gerð bóluefna gegn covid-19 veirunni. En taugafloöguígræðsla er vissulega líka þekkt.

José Manuel Rodríguez Delgado (1915-2011), var brautryðjandi við flöguígræðslu (chip) í heilabú manna og dýra. Hann skrifaði, árið 1969, bókina: „Efnislega stjórnun hugans: Áleiðis til sálsiðaðs samfélags (Physical Control of the Mind: Toward a Psychocivilized Society). Hann segir m.a.:

„Maðurinn hefur engan rétt til eigin hugþroska. Frjálslyndisleg viðhorf í þessu efni hafa víðtæka skírskotun. Það verður að raftengja heilann. Sá dagur mun koma, að herjum og hershöfðingjum verði stjórnað við raförvun heilans.“

Aukin þekking í líffræði og tölvutækni býður forsjarhyggju- og stjórnlyndisfólkinu sífellt upp á nýjar aðferðir við notkun tölvuagnstýra eða-ráða (nanobot). Fræðigreinin um þetta kallast tölvuagnfræði (nanobotics). Ofursmáar agnir úr gerviefnum eru forritaðar, svo þær megi örva eðlileg boð líkamans eða yfirtaka þau.

Raymond Kurzweil (f. 1948) hefur líka skrifað bók um efnið; „Sérstaðan er nálæg: Þegar mannkind rýfur múra eðlisins (The Singularity is Near: When Humans Transcend Biology). Hann hefur einnig skrifað um þetta grein í The Guardian.

Agntölvurnar, sem streyma um blóðrásina, má forrita með ýmsum hætti, t.d. til að greina og virkja varnir gegn sjúkdómum, endurræsa frumur eða styrkja, hugsanlega með þeim árangri, að við yrðum ódauðleg. Slík inngríp gera manninn að tölvumenni, mannlíki (transhumanism, cyborg), blending lífveru og tölvu. Líftölvuagnfræði heitir sú grein (bionanotechnology). Agnir (nano eða nanometre eða agnmetri er einn milljarðasti úr metra) voru t.d. notaðar til að koma hluta covid-19 veirunnar inn í frumur líkamans.

Taugatölvutækni (neural nanotechnology) má beita til að koma stjórnráði (nano-sized robot) í blóðrásina, sem tekur sér bólfestu í námunda við tiltekna frumu. Þannig má beintengja heilann við gervigreindartölvu fram hjá vökulum skilningarvitum.

Tölvuagnastýring er náskyld gervigreind (artificial intelligence), gerð tölvuvélmenna (cyborg) og líf-tölvu-tengivirkja (computer interface) þeim, sem taugataeknifyrirtæki eins og Neuralink Corporation (Elon Musk) vinna að.

Það sama gerir Richard A. Normann, líftækni-fræðingur við háskólann í Utah. Rannsóknahópur hans hefur smíðað rafskautatengil (array), þ.e. samskipan fjölda örnála eða einangraðra rafskauta (electrode), sem komið er fyrir í heilabúinu. Þar fylgjast þau með taugaboðum miðtaugakerfisins og hafa áhrif á þau samkvæmt forritun. Vonir standa til, að þeim megi t.d. beita til að lækna sjúkdóma í miðtaugakerfi.

Richard þessi tengist einnig „Heilafrumkvæði“ (Brain Research through Advancing Innovative Neurotechnologies) bandarískra stjórnvalda, þ.e. sameiginlegri áætlun opinberra stofnanna og einkaaðilja til rannsókna á notagildi taugatækni.

Tækniheimspekingurinn, Kevin Kelly (f. 1952), talar um tækniveruna (technium) í bók sinni: „Hvað ætlast tæknin fyrir“ (What Technology Wants). Þar segir hann m.a.:

„Hún [tækniveran] kann einu sinni að hafa verið jafn einföld í sniðum og gamalt tölvuforrit, sem eingöngu gerði það, sem fyrir það var lagt. En núna hefur hún svipmót miklu flóknari veru, sem oft er á valdi eigin hvata.“

Heimspekingurinn, James Giordano (f. 1953), lýsir þessari þróun eins og hverjum öðrum stríðsvettvangi og aðvarar gegn misnotkun tækninnar. Skyldi engan undra. Nató hefur þegar fundið smjörþefinn. Áætlun þess heitir: „Hugstríðsáætlunin“ (Cognitive Warfare Project). Þar segir m.a.:

„Hugstríð er því að skilja sem óhefðbundinn hernað, þar sem tölvutækni (cyber) er beitt til að skapa hugarfarsbreytingu og nýttir eru hleypidómar eða spegilvirk (sjálfhverf) hugsun (reflexive thinking) til að brengla hugarfar, hafa áhrif á ákvarðanatöku og koma í veg fyrir hegðun, sem hefði neikvæðar afleiðingar, hvort heldur einstaklingur eða múgur á í hlut.“ [15]

Bill Gates og vinir hans í Alheimsefnahagsráðinu eru vitaskuld miklir áhugamenn um tölvumennið, sem er í deiglu. Klaus Schwab tengir það beinlínis fjórðu iðnbyltingunni, þegar endurreisnin mikla (Great Reset) rennur upp.

Klaus segir byltinguna „leiða til sjálfsskilnings, sem er samþætting líkama, tölvutækni (digital) og lífeðlis.“ Leitað verður leiða – t.d. við fjarstýrða raförvun – til að fólk uni sælt og glatt við sitt, enda þótt það sé öreigar. En það er framtíðarsýnin í sjálfbæra sæluríki Alheimsefnahagsráðsins. Slíkri raförvun, þ.e. örvun sælustöðvarinnar í heilanum, hefur verið beitt með góðum árangri á rottur.

Nicholas Negroponte (f. 1943) er annar vísindamaður, sem hefur skoðað notkun tölvutækni við stjórnun mannshugans. Hann bendir á, að upplýsingum megi koma

fyrir í heilabúinu með agntölvu, t.d. ritsafni Sigmund Freud (Gesammelte Werke). Tæknin býður einnig upp á, að draumur forsjársinna um að stjórnri fólki að vild gæti ræst.

En betur má, ef duga skal. Svissneskir vísindamenn hjá fyrirtækinu FinalSpark, hafa nýverið kynnt uppgötvanir, þar sem sneitt er hjá ófullkomleika forritaðrar gervigreindar. Galdurinn er fólgin í notkun líförgjörva (bioprocessor), þ.e. fruma úr forheila manna, sem unnar eru úr stofnfrumum.

Forheilafrumur eru öðrum fremur gæddar hæfileikanum til úrvinnslu, aðgerða og skapandi greindar. Slíkur „taugatölvuvangur“ (neuroplatform) „lifandi tölvu“ notar auk þess einungis brot af þeirri orku, sem tölvur, tölvumenni og gervigreind, nota. Tæknin er því umhverfisvæn og tölvumennið getur hugsað, en ekki einungis lagt á minnið eða starfað samkvæmt forritun eins og hver annar tölvuþræll. Tölvumennið hugsar og dregur ályktanir.

Líftölvubúnaður hefur því bæst við hugbúnað (soft ware) og vélbúnað (hard ware). Starf líftölvunnar er kallað „líftölvun“ (wetware computing). Lífgjörvinn, þ.e. fjöltengdar forheilafrumur, eiga fremur stutta ævi, en tæknimönnunum hefur tekist að láta þær tóra og starfa í hundrað daga, jafn lengi og Jörundur hundadagakonungur ríkti á Íslandi. Beitt er svokallaðri „örstreymistækni“ (microfluidics) til að lengja líf þeirra. Æskilegt starf er verðlaunað með dópamíni (ánægjuvaka), en refsað með örvunaróreiðu. (Slík óreiða er algeng hjá Landlæknisembættinu, að sögn Landlæknis.) [16]

„Þetta er allt að koma“ eins og lítill sonarsonur segir, þegar hann rembist við að auka þekkingu sína. Því japanskir vísindamenn hafa tilkynnt, að þeim hafi lánast að rækta húð, sem þekja má andlit tölvumennisins. Húðin er þeim ólíkindum gædd að geta sýnt mannleg svipbrigði og grætt sjálfa sig.

[15] <https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304047>

<https://krossgotur.is/gervigreind-skitur-inn-skitur-ut/>

<https://peakprosperity.com/dismantling-the-illusion-how-information-control-shapes-reality/?ref=unlimited-hangout>

[16] https://www.youtube.com/watch?v=SL_j2PSV0kl

<https://www.newstatesman.com/encounter/2023/03/mary-harrington-interview-make-sex-consequential>

<https://unherd.com/newsroom/mary-harrington-feminism-against-progress/>

<https://www.youtube.com/watch?v=8-pTX3X4yVE>

<https://winteroak.org.uk/2024/07/22/truth-reality-tradition-and-freedom-our-resistance-to-the-great-uprooting/>